



Skál fyrir miðaldra stjörnu!



Á næturhimninum á suðurhveli, í órafjarlægð frá Jörðinni, er Toby Jug þokan, sem sést í ótrúlegum smáatriðum á þessari nýju ljósmynd. Föla gasskúíð umlykur rauða risastjörnu sem er fimm sinnum efnismeiri en sólin okkar! Ljósið frá stjörnunni í miðjunni er mjög skært og endurkastast af gasinu, svo skúíð virðist glóa. Tveir breskir stjörnufræðingar gáfu þokunni nafnið því þeim þóttu fölu gasslæðurnar líkjast sérstakri enskri kónnu með handfangi sem kallast Toby Jug.

Þótt stjarnan í miðju þokunnar sé miklu yngri en sólin okkar, er hún þegar komin mun lengra á sínu æviskeiði. Ástæðan er sú að þyngstu stjörnur lifa miklu hraðar en léttari stjörnur. Sólin okkar er að verða 4,6 milljarða ára og er rétt að verða miðaldra, á meðan þessi stjarna verður aðeins nokkurra milljóna ára, því hún inniheldur miklu meira efni. Stjörnur eru aðeins í mjög stuttan tíma á rauða risastiginu. Þess vegna eru fyrirbæri eins og þetta sem sést á myndinni, mjög sjaldséð sjón!

Að lokum, þegar sólin okkar hefur klárað næstum allt vetnið í kjarnanum sínum, mun hún þenjast út og breytast í rauðan rísa. Stjörnufræðingar telja að þegar þetta gerist, muni sólin okkar gleypa Jörðina. Það þýðir að hún mun gleypa allar bergreikistjörnurarnar í sólkerfinu: Merkúrís, Venus, Jörðina og kannski Mars líka!

COOL FACT

Tæknin okkar breytist mjög hratt og hugsanlegt er að í framtíðinni, þegar sólin okkar er orðin rauður rísi, gætu menn búið á annarri plánetu. Reyndar verða það ekki menn, heldur önnur dýrategund, komin af mönnum. Í dag búa nokkrir menn í Alþjóðlegu geimstöðinni. Hér er hægt að sjá hve margir búa í geimnum á hverjum tíma
<http://www.howmanypeopleareinspace.com/>

